

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá B-hluta Orkuveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. janúar 2002.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258, 21. mars 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Sérgjöld rafveitu.

Afl- og orkunotkun.

Aflgjald hækkar um 10%.

Sérgjöld hitaveitu.

Gjaldskrá hitaveitu hækkar um 14%.

Öll önnur gjöld Orkuveitunnar hækka um 4%

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUR

um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt sérstökum lögum. Reglurnar eru settar á grundvelli 37. gr. og 40. gr. laga nr. 129/1997.

Mótun fjárfestingarstefnu.

2. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af fjárfestingarheimildum í samþykktum sjóðsins og þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Með fjárfestingarstefnu í þessum reglum er átt við markmið um eignasamsetningu lífeyrissjóðs. Fjárfestingarstefnu skal gera árlega með hliðsjón af forsendum, sbr. 3. gr., en getur falið í sér markmiðssetningu til lengri tíma en eins árs. Í fjárfestingarstefnunni skal koma fram áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetninguna skuli náð.

Form og efni fjárfestingarstefnu.

3. gr.

Í fjárfestingarstefnu skulu koma fram þær forsendur sem stjórn lífeyrissjóðsins byggir fjárfestingarstefnuna á. Að lágmarki skal vera umfjöllun um áhrif lífeyrisbyrðar, réttinda-

kerfis og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig skal fjalla um áhrif núverandi eignasamninga á fjárfestingastefnuna. Sé lífeyrissjóðurinn deildaskiptur skal gera grein fyrir þessum atriðum fyrir hverja deild.

Nú eru forsendur skv. 1. mgr. mismunandi fyrir hverja deild í deildaskiptum lífeyrissjóði og skal þá setja sérstaka fjárfestingastefnu fyrir viðkomandi deildir.

4. gr.

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs skal að lágmarki byggja á tegundaflokkun innlána og verðbréfa samanber fylgiskjal I með reglum þessum.

Auk ofangreindra upplýsinga skal fjárfestingarstefnan kveða á um eftirfarandi atriði:

- a) Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu. Taka skal fram ef mælikvarði sjóðsins á áhættu verðbréfa er annar en flókt ávöxtunar. Noti sjóðurinn vísitölur til viðmiðunar um árangur ávöxtunar skulu þær koma fram.
- b) Viðmið um notkun afleiða. Liggi fyrir heimild stjórnar til notkunar á afleiðum til annars en til að draga úr áhættu skal það koma sérstaklega fram.
- c) Hámarksfjárfestingu í verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni. Gildi sérstakar takmarkanir að þessu leyti fyrir einstaka tegundaflokka innlána og verðbréfa skal það koma fram.
- d) Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja.
- e) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild verðbréfasjóðs.
- f) Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa. Einnig skulu koma fram reglur sjóðsins um veðsetningarhlutföll og veðandlög.
- g) Hlutfall fjárfestingar í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn.
- h) Hlutfall eigna í virkri stýringu.
- i) Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka.
- j) Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns.
- k) Markmið um atvinnugreinaskiptingu verðbréfasafns.

5. gr.

Fjárfestingarstefnan skal dagsett og undirrituð af stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Lífeyrissjóðir skulu senda fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Fjárfestingarstefnan skal fylgja með ársreikningi lífeyrissjóðs.

Form og efni úttektar á ávöxtun.

6. gr.

Með ársreikningum lífeyrissjóða skal fylgja úttekt á ávöxtun eignasafna síðasta árs. Úttektin skal að lágmarki sýna ávöxtun þeirra eignasafna sem fram koma í fylgiskjali II. Í úttektinni skal koma fram hvaða aðferðir eru notaðar við útreikninga á ávöxtun.

Gildistaka.

7. gr.

Reglurnar taka þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. nóvember 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

Fylgiskjal I

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997

Markmið um samsetningu eigna

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I		II		Hámark skv. samþykktum	III	IV	V	VI
	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk*	Núverandi eignasamsetning	Gengisbundin verðbréf					
Innlán í bönkum og sparisjóðum									
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs								Óskræð verðbréf	Vikmörk
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga									
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánaðstofnana									
Fasteignaveðtryggð skuldabréf									
Hlutabréf									
Önnur verðbréf									
Samtals:									
Hámark samkvæmt samþykktum:									

* Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga

Fylgiskjal II

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna

	Ávöxtun	Markmið/Viðmið	
			%
Innlán í bönkum og sparisjóðum			%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs			%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga			%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánaðstofnana			%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf			%
Hlutabréf			%
Önnur verðbréf			%
Gengisbundin verðbréf			%
Samtals:	%		%